

4. stjórnarfundur Landssambands ungmannafélaga

Fjarfundur 5. maí 2020, kl. 17:15.

Mættir eru: Una Hildardóttir (UH), Sara Þöll Finnbogadóttir (SÞF), Ásdís Nína Magnúsdóttir (ÁNM), Geir Finnsson (GF), Rut Einarsdóttir (RE), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS), Tanja Teresa Leifsdóttir (TTL), Sigurður Helgi Birgisson (SHB) starfandi framkvstj. og Heiða Vigdís Sigfúsdóttir (HVS) verkefnastj.

Fundur settur: 17:24

Fundarstjóri: Geir Finnsson (UH)

Dagskrá:

1. [Fundargerð](#) 3. stjórnarfundar er samþykkt.
1. **Samráðshópur mennta- og menningarmálaráðherra um íþróttá- og æskulýðsmál:** SHB kynnir [stuðning](#) í formi 500 m.kr. fjárveitinga, þar af 50 m.kr. til æskulýðsfélaga.
2. **Hlaðvarp ungmannafélaga:** HVS greinir frá upptöku á fyrsta þætti.
3. **Rannsóknir á vegum LUF:** SHB kynnir umsóknir í [nýsköpunarsjóð námsmanna](#) til samþykktar:
 - 3.1. Fjárhagsstaða ungmannafélagas og starfsemi á landsbyggðinni.
 - 3.2. Sjálfstæði ungs fólks og samfélagsþátttaka.
Tillögur samþykktar.
4. **Alþjóðamál:** Flest í biðstöðu vegna COVID-19.
 - 4.1. **COMEM:** LUF hefur sent samþykki fyrir fjarfundum.
5. **Stefnumótun Æskulýðsráðs:** SHB hefur sent endurbættar tillögur LUF ásamt athugasemdum stjórnar vegna verklags og nauðsyn þess að tryggja aðkomu ungs fólks, einnig ungmenna af landsbyggðinni.
6. **1. fundur Leiðtogaáráðs var frestað vegna samkomubanns:**
 - 6.1. SHB leggur fram drög að rekstraráætlun til samþykktar með fyrirvara um sundurliðun á launum og launatengdum gjöldum og er hún samþykkt.
 - 6.2. Ákveðið að boða fjarfund með aðildarfélögum um stöðuna. Á fundinum verður lagt til kynningarátak í samstarfi við aðildarfélög.
7. **Næsti stjórnarfundur:** Miðvikudaginn 20. maí kl. 17:15.
8. **Önnur mál:** Engin bárust.

Fundi slitið kl. 18:31

SHB ritaði fundargerð.